

Lög Félags kvikmyndagerðamanna.

1. gr. Nafn

Félagið heitir Félag kvikmyndagerðarmanna (The Icelandic Film Makers Association). Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Starfssvið félagsins er allt landið.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins og markmið er að stuðla að skapandi, listrænni og menningarlegri kvikmyndagerð og standa vörð um faglega og stéttarlega hagsmuni og höfundarrétt félagsmanna.

Tilgangur félagsins er jafnframt að semja um kaup og kjör kvikmyndagerðarmanna og koma fram fyrir þeirra hönd í kjaradeilum og öðrum sameiginlegum hagsmunamálum

Félagið kemur fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum, menningarstofnunum, öðrum félagasamtökum og erlendum aðilum.

3. gr. Félagsaðild

Félagið skiptist í tvær deildir, stéttarfélagsdeild og fagfélagsdeild.

3.1 Félagar í stéttarfélagsdeild geta allir orðið sem hafa kvikmyndagerð að aðalstarfi eða eru starfsmenn kvikmyndaframleiðslufyrirtækja, tölvuleikjafyrirtækja, og fjölmiðla og standa skil á tilskildum gjöldum til félagsins og sjóða þess. Þeir geta einnig haft aðild að faggildum samkvæmt reglum um þau.

3.1.1 Kvikmyndagerðamenn teljast allir þeir er vinna að kvikmyndagerð, meðal þess er eftirfarandi starfsheitalisti sem er þó ekki tæmandi: Aðstoðarleikstjórar, aðstoðarmenn PA, búniningahönnuðir, dagskrágerðarmenn, framleiðslustjórar, grafíkerar, grip, hljóðmenn, hljóðvinnslufólk, klipparar, kvikarar, kvikmyndastjórar, kvikmyndatökumenn, kvikmyndatökustjórar, leikmyndahönnuðir, leikstjórar, litgreinar, ljósamenn, pródúsentar, sminkur, skáarsafnarar, sviðsstjórar og aðrir þeir sem sinna störfum í kvikmyndagerð.

3.2 Félagsmönnum stendur til boða að velja á milli tvenns konar félagsaðildar, annars vegar sem aðili að stéttarfélagshluta FK eða sem aðili að fagfélagshluta FK.

3.2.1 Félagsmaður í stéttarfélagsdeild FK getur hver sá orðið sem vinnur við kvikmyndagerð samkvæmt starfsheitalista hér að ofan og kaupþöxtum er félagið setur eða semur um við vinnuveitendur. Ganga skal frá skriflegri eða rafrænni umsókn á þar til gert eyðublað. Enginn telst fullgildur félagsmaður í stéttarfélagsdeild fyrr en umsókn hans/hennar um félagsaðild hefur verið samþykkt af meirihluta stjórnar félagsins, hann/hún hefur greitt félagsgjald fyrir einn mánuð eins og það er hverju sinni og á þá félagsmaður rétt á félagsskírteini (gefið út einu sinni á

ári).

Full félagsleg réttindi félaga í stéttarfélagsdeild eru:

- Forgangur til starfa eins og kjarasamningar kveða á um hverju sinni
- Aðgangur að stéttarfélagssjóðum félagsins og/eða sjóðum RSÍ samkvæmt ákvæðum hvers sjóðs fyrir sig til að mynda sjúkrasjóði, orlofsjóði og orlofshúsasjóði (eftir 6 mánuði). Réttindi til sjúkradagpeninga fást á 6 mánuðum og réttindi til styrkja á 12 mánuðum.
- Kjörgengi og atkvæðisréttur á fundum.
- Aðgangur að afsláttum og fríðindum til félagsmanna.
- Réttur til að sækja um í menningarsjóð Félags kvikmyndagerðarmanna
- Aðgangur að orlofshúsum á vegum félagsins.
- Aðgangur að eftirmenntun og öðrum námskeiðum á vegum félagsins.
- Aðgangur að faggildi ef þess er óskað.

3.2.2 Félagsmaður í fagfélagsdeild FK getur hver sá orðið sem hefur lokið a.m.k. tveggja ára námi hjá viðurkenndum kvikmynda- eða listaháskóla, eða hafa sinnt skapandi eða sérhæfðum faglegum störfum við kvikmyndagerð í minnst 12 mánuði og sýnt fram á það með nafni á kreditlista kvikmyndar. Ganga skal frá skriflegri eða rafrænni umsókn á þar til gert eyðublað. Enginn telst fullgildur félagsmaður í fagfélagsdeild fyrr en umsókn hans hefur verið samþykkt af meirihluta stjórnar félagsins, hann/hún hefur greitt árgjaldið eins og það er hverju sinni. Þá félagsmaður rétt á félagsskírteini (gefið út einu sinni á ári).

Full félagsleg réttindi félaga í fagfélagsdeild eru:

- Kjörgengi og atkvæðisréttur á fundum félagsins.
- Aðgangur að afsláttum og fríðindum til félagsmanna.
- Réttur til að sækja um í menningarsjóð FK.
- Réttur til að sækja um IHM greiðslur.
- Aðgangur að námskeiðum á vegum félagsins.
- Aðgangur að faggildi.

3.2.3 Biðfélagar eru þeir félagar sem hætt hafa að greiða í stéttarfélagssjóði félagsins en kjósa að vera áfram í félaginu. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins en missa atkvæðisrétt ári frá því að síðasta greiðsla berst. Þeir sem að hætta að greiða í stéttarfélagssjóði félagsins stendur til boða að ganga í fagfélagshluta félagsins og greiða árgjöld eins og lög félagsins gera ráð fyrir sem tryggir þeim atkvæðarétt og önnur réttind sem slíkri félagsaðild fylgir.

3.3 Innan félagsins eru starfrækt eftirfarandi faggildi, en stefnt er að einu faggildi fyrir hvert starfheimtengi. Eftirfarandi er faggildalisti sem er þó ekki tæmandi:

- Kvikmyndatökustjórar (Director of Photography)
- Kvikmyndatökugildi (Kvikmyndatökumenn, ljósamenn, öryggisstjórar og grip)
- Klipparagildi (Creative editor)
- Kvikmyndastjóragildi (Stjórnandi upptöku, leikstjóri)
- Framleiðslustjóragildi (pródúsentar, line producer, „framleiðendur“, yfirmenn eftirvinnslu)
- Hljóðgildi
- Kvikaragildi (teiknimyndahönnuðir og grafíkerar)

- Skrársöfnunar- og samsetningagildi (Skrársöfnun, litgreining, mynblöndun)
- Útlitsgildi (búningahönnun, leikmyndahönnun, og sminkur)

Stjórn félagsins skipar til tveggja ára þriggja manna fagráð og einn mann til vara fyrir hvert gildi. Hvert faggildi setur sér faglegar kröfur og leitast við að starfa eftir alþjóðlegum stöðlum. Til þess að öðlast aðild að faggildunum skal sækja sérstaklega um það þegar sótt er um inngöngu í félagið og skal umsókn metin samkvæmt menntun, starfsreynslu og faglegu mati fagráðs. Hlutverk gilda er að vera vettvangur fyrir sérhæfða fagumræðu og skoðanaskipti um hagsmuni einstakra faghópa, sem og kvikmyndagerðar í heild. Inntaka í gildi veitir meðlimum m.a. rétt til að nota nafn gildis í kreditlista.

3.4. Ekki er hægt að veita inngöngu í félagið þeim, sem eru fullgildir félagsmenn í öðrum aðildarfélögum ASÍ eða standa í óbættum sökum við félagið eða önnur þau stéttarfélög innan ASÍ sem viðkomandi hefur verið félagsmaður í.

3.5. Ágreiningsmálum um félagsaðild er heimilt að vísa til stjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

4. gr. Félagsgjöld og sjóðir

4.1. Fast árgjald fyrir aðild að fagfélagsdeild FK skal ákveðið á aðalfundi félagsins fyrir næsta almanksár og þarf sama atkvæðamagn til breytinga á því og til breytinga á lögum félagsins. Biðgjald fyrir félaga í stéttarfélagsdeild er sama upphæð og fast árgjald.

4.2 Félagsgjald þeirra sem eru í stéttarfélagsdeild og eru fastráðnir eftir aðal- eða sérkjarasamningum félagsins skal vera 1% af heildarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma.

Sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmenn greiða sömu gjöld, þó að lágmarki samkvæmt byrjunarlaunum í 2. launaflokki kjarasamnings.

Stjórn félagsins getur ákveðið að setja þak á félagsgjöld.

Aðalfundur ákveður hverju sinni hvort og þá hversu hátt hlutfall félagsgjalda er lagt í varasjóð.

4.2.1. Sjóðir félagsins eru:

- Félagssjóður 1%: Í hann renna öll félagsgjöld félagsmanna og ber félagssjóður kostnað af starfi félagsins.
- Sjúkrasjóður greitt af vinnuveitanda 1%
- Orlofssjóður greitt af vinnuveitanda 0.25%
- Eftremenntunarsjóður greitt af vinnuveitanda 1%

Heimildarákvæði til stjórnar:

Stjórn félagsins hefur heimild til að taka upp samstarf við sjóði RSÍ s.s. orlofsheimilassjóð, sjúkrasjóð og styrktarsjóð ef réttindi félagsmanna eru þar betur tryggð en í sjóðum félagsins.

4.3. Lausamenn - „frilansarar“ sem vilja vera gerast aðilar að stéttarfélagsdeild FK greiða 1% af byrjunarlaunum í 2. launaflokki félagsins miðað við janúar ár hvert.

4.4. Félagsmaður sem ekki hefur greitt tilskilin gjöld til félagsins í allt að eitt ár telst ekki lengur félagsmaður og dettur út af félagaskrá en getur endurnýjað aðild með greiðslu gjaldfallinna félagsgjalda. Hann getur líka gerst almennur aðili og greitt árgjald samkvæmt greinum 3.2.2, 3.2.3 og 4.1

4.5 Tekjur félagsins af höfundarréttargreiðslum (t.d. IHM tekjur) skulu renna til rétthafa samkvæmt þeim reglum sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni. Reglugerðir og starfsreglur skal vera að finna á vef félagsins.

5. gr. Aðalfundur

Æðsta stjórn félagsins er í höndum aðalfundar. Aðalfundur skal halda einu sinni á ári á tímabilinu 1. janúar til 1. mars og skal hann boðaður með minnst 10 daga og mest 20 daga fyrirvara, bréflaga eða rafrænt eða með auglýsingu í blöðum, útvarpi og/eða á heimasíðu félagsins. Í fundarboði skal tilgreina fundarefni í aðaldráttum.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundum hafa fullgildir félagsmenn sem eru skuldlausir við félagið. Allar kosningar eru bindandi og fari fram skriflega ef fleiri en einn eru í kjöri. Falli atkvæði jafnt skal kosið að nýju og fáiast þá eigi úrslit ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema annað sé tekið fram í lögnum.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
4. Kosning stjórnar.
5. Ákvörðun um fast félagsgjald næsta almanaksárs.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Önnur mál.

6. gr. Stjórn og samninganefndir

6.1. Stjórn félagsins skipa sjö menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, þrír meðstjórnendur, og tveir til vara. Formaður og varaformaður eru kosnir hver í sínu lagi.

Kjörtími stjórnarmanna er tvö ár í senn. Miðað skal við að annað hvert ár séu formaður og þrír fulltrúar kjörnir í stjórn og hitt árið séu varaformaður og fjórir fulltrúar kjörnir. Skal leitast við að hafa fulltrúa sem flestra gilda í aðalstjórn félagsins þ.e. fulltrúa; kvikmyndatökustjóra, klippara, kvikara, framleiðslu, hljóðmanna og heimildamyndagerðarmanna. Kosningar skulu vera skriflegar

og leynilegar.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir lögum þess og samþykktum.

Að öðru leyti en kveðið er á í þessum lögum skal stjórn skipta með sér verkum og skal hún skipa menn í fagráð gilda og samninganefndir ásamt öðrum nefndum og ráðum er hún tekur þátt í. Auk þess skal stjórn fela einhverjum stjórnarmanna, eða öðrum félagsmanni, ritstjórn fréttabréfs og vefs félagsins.

Stjórnarfundur telst löglegur ef minnst þrír fulltrúar sitja hann, þar af annað hvort formaður eða varaformaður.

6.2. Formaður

Formaður félagsins hefur á hendi daglegt eftirlit með starfsemi félagsins og gætir þess að allir trúnaðarmenn félagsins geri skyldu sína. Honum bera að fylgjast með því eftir mætti, að allir félagsmenn haldi lög félagsins og aðrar samþykktir. Hann ber ábyrgð á geymslu og varðveislu allra skjala félagsins og annarra skilríkja.

6.3. Varaformaður

Varaformaður skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

6.4. Ritari

Ritari félagsins heldur gerðabækur og ber á þeim ábyrgð.

6.5. Gjaldkeri

Gjaldkeri ásamt stjórn félagsins ber sameiginlega ábyrgð á sjóðum félagsins og eignum. Gjaldkeri hefur einnig á hendi fjármál félagsins og bókhald í samráði við stjórn þess. Sjóði félagsins skal ávaxta á sem tryggastan og arðbærastan hátt. Gjalkeri ætti alla jafna að sitja í úthlutunarnefnd höfundarréttagjalda IHM nema stjórn ákveði annað.

6.6. Kjörstjórn

Kjörstjórn stjórnar atkvæðagreiðslum um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslum sem ákveðnar hafa verið innan félagsins.

Kjörstjórn skal kjósa á aðalfundi og í henni eiga sæti tveir menn og tveir til vara.

Við atkvæðagreiðslu um kjarasamninga og verkföll skipar trúnaðarráð þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

6.7. Samninganefndir

Samninganefndir annast kjarasamningagerð f.h. félagsins og sérdeilda þess. Stjórn félagsins skipar í samninganefndir í samráði við sérdeildir. Að öllu jöfnu skal formaður félagsins vera formaður samninganefnda.

6.8. Trúnaðarráð

Stjórn félagsins skipar 5 manns í trúnaðarráð. Það skal skipað til tveggja ára í senn og skal að jafnaði hafa aðila frá stærstu vinnustöðum í kvikmyndagerð. Einnig skulu trúnaðarmenn á settum í stórum kvikmyndaframleiðslum eiga aðgang að trúnaðarráði.

7.gr Félagsfundir

Almenna félagsfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir. Stjórn, boðar félagsfundir eftir því sem tilefni gefast til. Skyld er stjórn að boða félagsfund berist skrifleg krafa um það frá 25 félagsmönnum, þar sem fundarefni skal tilgreint.

Formaður félagsins setur félagsfundir og stýrir þeim, nema hann tilnefni

fundarstjóra. Á aðalfundi skal jafnan tilnefndur fundarstjóri, sem skal samþykktur af fundinum. Fundarstjóri skipar fundarritara.

Félagsfundur skal boðaður bréfliga eða með auglýsingu í fréttabréfi félagsins með minnst 10 daga og mest 20 daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina fundarefni í aðaldráttum.

8. gr.

Formaður skal boðaður stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir, en skylt er honum að boðaður fundur ef þeir stjórnarmenn krefjast þess. Formaður stýrir fundum, en ritari skal halda gerðarbók yfir stjórnarfundum. Stjórn skal kjósa í ráð, nefndir og stjórnir sem félagið skipar menn í samkvæmt lögum, samningum og venjum. Þá er stjórn heimilt að skipa samninganefndir, er fari með umboð félagsins í einstökum málaflokkum. Falli atkvæði jafnt í stjórn skal atkvæði formanns ráða, en ella ræður meirihluti mættra stjórnarmanna afgreiðslu mála.

9. gr.

Ef félagi telst hafa brotið gagnvart tilgangi og hagsmunum félagsins er heimilt, eftir skriflega viðvörðun til aðila, að víkja viðkomandi félagsmanni úr félaginu.

10. gr.

Hafi félagsmaður ekki greitt árgjald undangengins árs nýtur hann hvorki kosningaréttar né kjörgengis í félaginu. Greiði félagsmaður ekki félagsgjöld í tvö ár nýtur hann ekki lengur neinna réttinda í félaginu. Vilji slíkur aðili endurheimta réttindi sín í félaginu skal hann gera upp tvenn árgjöld. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og miðast við 1. janúar ár hvert. Úrsögn skal hafa borist stjórn eigi síðar en 1. desember árið áður en úrsögn tekur gildi.

11. gr.

Félagsmaður, sem hefur greitt félagsgjöld a.m.k 3 af síðustu 5 árum áður en hann fer öld a.m.k 3 af síðustu 5 árum er vinna að kvikmyndagerð, meðal annars eftirfarandi en þá eftirlaun og er ekki lengur í fullu starfi eða býr við örorku, skal vera undanþeginn greiðslu fastra félagsgjalda. Hann skal þó sem áður njóta sömu félagsréttinda og biðfélagar.

12. gr Heiðursfélagar

Heiðursfélagi Félags kvikmyndagerðarmanna er annars vegar sæmdarheiti, sem hlotnast mönnum fyrir mikilsvert framlag þeirra til eflingar félagsins og/eða kvikmyndagerðarmönnum og konum sem eiga að baki farsælan starfsferil sem kvikmyndagerðarmenn. Hins vegar skulu allir þeir félagsmenn sem ná 67 ára aldri og hafa verið félagsmenn í FK í a.m.k. 5 ár skuldlaust verða sjálfkrafa heiðursfélagar og skal stjórn lýsa því yfir á næsta aðalfundi eftir að þeim aldri er náð.

Stjórn FK kys féluginu heiðursfélag, sbr. lögum félagsins. Til kjörs á heiðursfélag þarf samhljóða atkvæði stjórnarmanna. Kjör heiðursfélaga skal staðfest á félags- eða aðalfundi FK.

Kjöri heiðursfélaga skal lýst á aðalfundi eða við annað sérstakt tilefni.

Á heiðursskjali, sem útbúa skal í tilefni af kjöri á heiðursfélag, skal rita nafn og starfsheiti þess, sem sæmdina hlýtur. Jafnframt skal rita þar hverjir sérstakir verðleikar

eru tilefni kjörsins.

Heiðursskjalið skal undirritað af stjórn Félags kvikmyndagerðarmanna.

Skrá skal á lén félagsins www.film-makers.is nafn heiðursfélaga og dagsetningu kjörsins. Ennfremur skal þar skrá tilefni sæmdarinnar sömu orðum og skráð eru á heiðursskjalið.

Heiðursfélagi skal njóta allra réttinda sem félagsmaður Félags kvikmyndagerðarmanna og er undanþeginn greiðslu árgjalds til fagdeildar félagsins.

Heiðursfélagi sem og aðrir félagar í Félags kvikmyndagerðarmanna sem hafa verið samfleytt í félaginu í meira en 5 ár eiga rétt á því við andlát ef að aðstandendur vilja, að fáni félagsins standi við útförina.

13gr.

Um verkföll, kjaradeilur og samninga skal fara samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr.80 frá 1938 með síðari breytingum og /eða lögum og kjarasamninga opinbera starfsmanna nr.94 frá 1986 , eða þeim lögum sem ofanritað kann að falla undir, t.d. lög nr.70 frá 1996 og lög nr.36 frá 1982.

14. Gr.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og berast skrifstofu félagsins. Þó getur enginn sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun eða heimild til vinnustöðvunar hefur verið auglýst eða ákveðin af trúnaðamannaráði og þar til vinnustöðvun hefur verið aflétt.

15. gr.

Verði ágreiningur milli félagsmanna, félagsins og einstakra félagsmanna má leggja hann undir úrskurð gerðardóms. Þá má hvorki félagið né einstakir félagsmenn leita til dómstóla út af slíkum málum meðan málið er til meðferðar hjá gerðadómi. Gerðardóm skipa 3 menn. Skulu aðilar skipa sinn manninn hvor, en RSÍ tilnefnir þann þriðja. Gerðardómur skal útkljá hvert mál innan eins mánaðar frá því hann er fullskipaður. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir báða aðila. Dómurinn ákveður hver greiða skuli kostnað þann, er af gerðinni leiðir.

16.gr.

Erindrekstur formanns eða einhvers annars félagsmanns, sem hefur í för með sér kostnað fyrir félagið, skal háður samþykki stjórnar.

17. gr.

Félagsmönnum er skylt að hlýða lögum félagsins og samþykktum í einu og öllu.

18.gr

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Fyrir hvern aðalfund skulu reikningar félagsins endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og félagskjörnum skoðunarmönnum. Gjaldkeri skal hafa lokið við að ganga frá reikningum félagsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og afhenda þá löggiltum endurskoðanda. Endurskoðendur skulu skila stjórninni endurskoðuðum reikningum eigi síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund ár hvert.

19.gr.

Lögum félagsins má ekki breyta nema á aðalfundi og verða tillögur til lagabreytinga að hafa borist stjórn félagsins viku áður en aðalfundur er boðaður. Lagabreytinga skal geta og kynna í fundarboði.

Lagabreytingar þurfa samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Lögin taka ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ASÍ og viðeigandi landssambands ef við á.

20.gr. Félagsslit.

- Félaginu verður ekki slitið nema $\frac{3}{4}$ hlutar allra fullgildra félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.
- Verði samþykkt að leggja félagið niður skal RSÍ varðveita þær eignir félagsins sem ekki hafa löggildan vörsluaðila.
- Verði annað félag stofnað er starfar á sama grundvelli og nýtur sömu viðurkenninga og FK nú, skal vörsluaðilum þá skylt að afhenda umræddu félagi eignir þess til fullrar eignar.
- Um sameiningu félaga skal fjalla um á sama hátt og lagabreytingar.

Lagt fyrir aðalfund 7. apríl 2014.

Með samþykki þessara laga falla þegar úr gildi eldri lög félagsins